

Nr. 7.  
11.  
febr.

## L ö g

um

að leggja skatt á útmældar lóðir á Ísafirði.

**Vjer Christian hinn Niundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Af öllum útmældum lóðum, tilheyrandi Ísafjarðar kaupstað, skal greiða 1—2 aura af hverjum sex ferhyrnings-álnum auk gjalds þess, sem ræðir um í reglugjörð 26. janúar 1866, 19. gr.

2. grein.

Bæjarstjórnin skal í hvert sinni, er hún gjörir áætlun um tekjur og útgjöld bæjarins fyrir næsta fardaga-ár á eptir, tiltaka, eptir að hafa fengið þarum álit skóla nefndarinnar, upphæð gjalds þessa fyrir hvert komandi ár.

3. grein.

Gjald þetta, sem rennur í bæjarsjóð Ísafjarðar-kaupstaðar, á að koma upp í þann hluta af útgjöldum bæjarins, sem verja á til barnaskólans. Og skal að öðru leyti, að því er innheimtingu þess og annað þar að lútandi snertir, fara eptir ákvörðunum þeim, sem gilda um bæjargjöldin yfirhöfuð, samkvæmt reglugjörð 26. janúar 1866.

4. grein.

Lög þessi öðlast lagagildi 1. dag ágústm. 1876.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amaliuborg, 11. dag febrúarm. 1876.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Nellemann.*

**L o v**

om

Jndførelsen af en Afgift af udviste Grundstykker i Sjafford.

Nr. 7.  
11te  
Febr.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

## § 1.

Af alle Sjafford Kjøbstad tilhørende udviste Grundstykker udredes 1—2 Dre for hver sex Kvadratalen foruden den i Anordning af 26de Januar 1866 § 19 omhandlede Afgift.

## § 2.

Hvergang Kommunalbestyrelsen affatter Dverslag over Kjøbstadens Indtægter og Udgifter for det paafølgende Fardagsaar, har den, efter at have indhentet Skolekommissionens Betænkning, at fastsætte fornævnte Afgifts Størrelse for det kommende Aar.

## § 3.

Beløbet af denne Afgift, der tilfalder Sjafford Kjøbstads Kasse, skal komme til Afdrag i den Del af Kjøbstadens Udgifter, som bør anvendes til Børneskolen. Tøvrigt bliver med Hensyn til Afgiftens Dpkrævning og andet dertil hørende at forholde efter de om Kommunalbidragene i Almindelighed ifølge Anordning af 26de Januar 1866 gjældende For skrifter.

## § 4.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste August 1876.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 11te Februar 1876.

Under Vort Kongelige Haand og Segl.

*Christian R.*

(L. S.)

*Nellemann.*